



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. apríl 2023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samræmda vefgátt leyfisveitinga og einföldun á ferli við undirbúning framkvæmda, 209. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samræmda vefgátt leyfisveitinga og einföldun á ferli við undirbúning framkvæmda, 209. mál. Þar er lagt til að innviðaráðherra í samvinnu við umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra verði falið að setja á laggirnar samræmda vefgátt fyrir leyfisveitingar, skipulagsferli, mat á umhverfisáhrifum og tengdar málsmeðferðir ásamt því að einfalda ferli við undirbúning framkvæmda. Um er að ræða endurflutta þingsályktunartillögu frá 152. löggjafarþingi (567. mál).

Samtökin fagna tillögunni og benda á að ein af grunnforsendum aukinnar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja er að starfsumhverfi þeirra sé stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt. Slíkt starfsumhverfi felur það m.a. í sér að regluverk og málsmeðferðir séu einfaldar, gagnsæjar og aðgengilegar fyrir alla sem að þeim koma, allt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir sóun og óþarfa kostnað innan kerfisins, bæði hjá stjórnvöldum og hjá fyrirtækjum. Greinargerð tillögunnar gerir grein fyrir undanfara hennar og er þar getið niðurstaðna skýrslu sem VSÓ Ráðgjöf vann fyrir Samorku, Samtök atvinnulífsson og SI um ávinning rafrænnar þjónustu í leyfisveitingarferli. Í skýrslunni kemur m.a. fram að ferlið á Íslandi sé óþarflega flókið, að skortur sé á tenglum milli málsmeðferða og að þörf sé á að skerpa á hlutverki allra þátttakenda í ferlinu. Þá segir einnig í skýrslunni að töluvert sé um tvíverknað í kerfinu þar sem sömu gögn eru lögð ítrekað fram og að sömu aðilar komi oft að sama máli. Umsagnar- og kynningarferli sé einnig tímafrekt og er ógagnsæi töluvert þar sem aðgengi að gögnum sé erfitt sem og eftirfylgni einstakra mála. Að mati samtakanna veldur framangreint óþarfa sóun hjá stjórnvöldum og fyrirtækjum með tilheyrandi óhagkvæmni og óskilvirkni en verði framangreind þingsályktunartillaga samþykkt verður að mati samtakanna stigið mikilvægt skref í átt að bættu starfsumhverfi þeirra fyrirtækja og stjórnvalda sem að málunum koma.


Við útfærslu samræmdu vefgáttarinnar skv. þingsályktunartillögunni verður þó að hafa í huga að þegar er hafin ýmis vinna við stafvæða málsmeðferð stjórnvalda. Dæmi um slíkt, og rakið er í greinargerðinni, er gagna- og samráðsgátt á vegum Skipulagsstofnunar sem tekur til skipulags, umhverfismats og framkvæmdaleyfa. Þá ber að nefna að vinna er hafin, á grundvelli rammasamnings ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032, að einfalda feril íbúðauppbygginga undir vinnuheitinu Einn ferill um húsnæðisuppbyggingu. Þar eru aðgerðir sem lúta að samþættingu ferla við gerð deiliskipulags og húsnæðisáætlana sem og við gerð aðalskipulags og húsnæðisáætlana, auk átaks í nýtingu mannvirkjaskrár. Samfara því er mikilvægt að samræma stjórnslu á sviði húsnæðismála en leyfisveiting, útgáfa byggingarleyfa, er á hendi hvers byggingarfulltrúa og skortir samræmingu þeirra kerfa.



Við undirbúning innviðaráðherra að gerð vefgáttar skv. þeirri þingsályktunartillögu sem nú er til umsagnar verður að mati samtakanna að telja að töluverð hagræðing og einföldun sé í því að koma á fót einni vefgátt, svokallaðri „one stop shop“, vegna slíkra mála í stað þess að hvert og eitt stjórnvald, og jafnvel innan hvers sveitarfélags, komi á fót stafrænu umhverfi vegna þeirra mála sem undir þau heyra og því eðlilegt að við undirbúninginn að hinni nýju vefgátt verði kannaður sá möguleiki að sameina málsmeðferðir og samskipti við stjórnvöld eins og unnt er.

Samtökin ítreka ánægju sína með framangreinda endurflutta tillögu að þingsályktun og mæla með því að hún verði afgreidd frá Alþingi.

Virðingarfyllt,


Bjartmar Steinn Guðjónsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI